FYRSTI FISKURINN OG SEINASTI RÓÐURINN.

Á síðustu tugum nítjándu aldar var mikil útgerð í Loftstaðasandi, og aflaðist oft mikið. Allur var fiskurinn saltaður og þurrkaður. Gengu þá 3 skip frá Baugsstöðum. Fiskurinn var þveginn á klöppunum sunnan við ána og þurrkaður þar. Þetta var ágætt þurrkstæði. Stundum kom það fyrir að sjór gekk yfir hellurnar, en aldrei kom það að sök. L[illegible] verzlun seldi saltið og keypti fiskinn og lagði til mottur til að breiða yfir stakkana. Þær virtust vera ofnar úr sefi. Því næst komu borð sem voru skorðuð yfir stakkana. Þá var sá háttur hafður á að nokkrir menn taka að sér að verka fiskinn fyrir aðra, eða af skipinu. Lágu þeir þá við í búðunum. Misjafnlega gekk að þurrka fiskinn. Var það oft ekki búið fyrr en kominn var sláttur. Einn af þessum fisktöku mönnum var Jón Hannesson frá Tungu. Bjó hann þá í Syðri-Gegnishólum og Páll yngri sonur hans. Þeir höfðu lítinn bát sem þeir réru til fiskjar, þegar færi gafst. Það var einn góðan veðurdag að þeir fara að beita línustubb sem þeir höfðu. Ég sá að þeir ætluðu að róa og bað Jón að lofa mér að fara með þeim, og var það auðsótt. Við fórum út Tunguós. Ég kunni enga sjóferðamannsbæn, en vissi að sjómenn kunnu þær og lásu, svo ég las Faðir vorið og hélt að það dygði. Þeir lögðu línuna. Eitt handfæri var í bátnum. Þeir renndu því, tóku grunnmálið og létu mig taka við því. Þetta var um Jónsmessu leitið. Er þá oft mikil gengd af smá lýsu, lítið um ýsu og þorskur enginn. Þeir fóru að draga línuna, ég keipaði og varð ekki var. Lýsan var á hverju járni. Allt í einu er kippt í færið hjá mér og það svo rösklega að ég átti erfitt með að draga. Á endanum kom þetta upp og var þá ljómandi fallegur stútungsþorskur. Þeir mokuðu í sig smálýsunni og undruðust að ég skyldi draga þorsk. Ekki dró ég meira enda róðurinn á enda. Mikið var ég ánægður yfir aflanum. Þetta var vorið 1894 og ég þá 7 ára.

Þegar einhver dró fyrsta fiskinn úr sjó, var hann kallaður Maríufiskur og átti að gefa hann fátækum. Sigríður hét kona og var Arnbjörnsdóttir. Hún var Vestur-Skaftfellingur að ætt. Kom að Gaulverjabæ til séra Páls Ingimundarsonar ung stúlka og gerðist vinnukona hjá honum. Hún var glaðlynd og blíðlynd og að öllu leiti vel á sig komin. Hún giftist Jóni Matthíassyni frá Syðra-Velli. Þau byrjuðu búskap í Laugardælahverfi. Þau eignuðust stúlkubarn sem skírt var Guðbjörg. Jón dó eftir skamma sambúð þeirra. Eftir lát manns síns gerðist Sigríður lausakona. Þá bjuggu í Dalbæ í Bæjarhverfi hjónin Gísli Eyjólfsson og Sigríður Halldórsdóttir frá Ásabakka. Gísli var ágætis smiður á hvað sem var. Hann byggði ágætt herbergi norður af baðstofu þeirra hjóna fyrir Sigríði. Var það hennar heimili um tugi ára. Ekki voru árekstrarnir í sambúðinni. Allt var þetta samanvalið gæða fólk. Svo liðu árin. Hún vann fyrir sér og barninu með ýmsu móti: var í kaupavinnu á sumrin en fiskaðgerð á Loftsstöðum á vertíðinni. Hún vann og spann. Allir vildu njóta vinnu hennar og góðlyndis. Hún var alls staðar aufúsu gestur.

Um þessar mundir var ung stúlka úr fjarlægu héraði vetrar- og vor kona á næsta bæ við Dalbæ. Mörgum árum seinna hittust þar hún og kona hér úr sveitinni. Fór hún þá að minnast á veru sína í Flóanum, sagðist muna aðeins eftir tveimur persónum. Annað þeirra var Sigríður Arnbjörnsdóttir. Hún hefði mjög oft hlaupið til hennar. Það hefði verið svo gott að sitja hjá henni. Það hefði farið um sig svo mikil vellíðan við það. Sér hefði fundizt þetta vera helgur staður. Gluggginn snéri móti norðri, en þar var eins og sólaryl legði frá þessari hreinu sál. Þessi kona átti mörg börn, en er dáin fyrir mörgum árum.

Ábúandaskipti urðu á Dalbæ. Þangað komu austan úr Rangárvallarsýslu hjónin Einar Eyjólfsson og Nikólína Björnsdóttir. Með þeim og Sigríði tókst mikil vinátta. Einar flutti frá Dalbæ niður á Klöpp. Þar höfðu búið áður nokkrar fjölskyldur í þurrabúð. Þar byggði Einar hús og hafði nokkrar skepnur og setti þar upp verzlun.

Kallaði hann staðinn Sléttaból. Með þeim fluttist Sigríður þangað. Guðbjörg dóttir hennar giftist Guðmundi Guðmundssyni bónda í Þingdal. Til þeirra fór Sigríður. Guðmundur flutti frá Þingdal til Reykjavíkur og Sigríður með þeim. Dó þar í hárri elli, sátt við Guð og menn.

Sigríður var góð vinkona okkar á Baugsstöðum. Þar var því ekki vandfundið hverjum skyldi gefa Maríufiskinn. Ég lagði af stað með fiskinn í poka á bakinu. Að Dalbæ er rúmlega þriggja kortera gangur fyrir fullorðinn mann. Ég var mjög lítill og stuttstígur, trítlaði ótt og hef því ekki verið mikið lengur enn fullorðinn maður. Ég færði Sigríði fiskinn sem hún þakkaði mér fyrir. Hún bauð mér inn og vildi strax gefa mér bita sem ég þáði. Ég þakkaði henni fyrir mig, tók í hendina á henni en hún sleppti hendinni ekki. Hún gerði víst ráð fyrir að ég yrði sjómaður. Hún þekkti hættur sjómennskunnar þarna við ströndina og hvar sem var. Hún hélt í hendina á mér og fór að biðja fyrir mér, biðja Guð að veita mér fylgd og vernd á sjónum. Hún var að vígja mig til sjómennskunnar. Þetta var vígsla. Ég varð heitur af feimni og gerði mér ekki grein fyrir því þá hvað var að gerast, þar sem ég stóð fyrir fram þessa fallegu konu með blá augun og grá hrokkna hárið. Hún kvaddi mig innilega. Ég flýtti mér út og hljóp heim.

"Tímarnir liðu, og tíðanna hjól það tifaði um lönd og um sjáinn". Ég var fermdur 4. ágúst 1901 þá 14 ára. Veturinn 1902 átti ég að heita háseti hjá Þorvarði í Meðalholtum. Ég átti að beita. Fiskigegnd var þá orðin lítil. Vsan mátti heita horfin og þorskurinn gysinn. Skip Þorvarðar var þá orðið ónýtt. Keri hann skipi sem faðir minn átti. Það var eitt af yngstu skipunum, létt og lipurt. Þá réðist til hans háseti / Hannes Ólafsson frá Austvaðsholti. Hann var tveimur árum eldri en ég og saman rekinn. Þegar farið var að róa reyndist hann svo sjóveikur að hann gat ekkert gert á sjónum. Lét Þorvarður mig róa í hans stað. Þorvarður hafði séð fífil sinn fegri, því að hann hafði alltaf haft úrvals háseta. Ég gat "slampað", sem kallað var. Það varð að hringa lóðina niður í lóðarlaupana, jafnóðum og hún var dregin. Ég hafði létta og góða ár. En ekki var nú róðurinn örugg ari en það, að Þorvarður lét mig ekki róa þegar farið var um sundin og ekki kyrrt í sjóinn. Hann hélt að ég mundi festa árina og trufla róðurinn. Við fiskuðum lítið, en þó fór allt vel. Í janúar 1903 réði Siggeir okkur á skútu frá Reykjavík. Hann hafði áður verið á skútu; var 8 árum eldri en ég. Mikið hlakkaði ég til og ævintýra löngunin mikil. Illa gekk mér að vaxa; ég var minnstur allra minna jafnaldra, sem ég þekkti en ég var ágætlega hraustur og sprækur. Sjómennirnir höfðu tekið uppá því að setja mig upp við stoð í einni búðinni og gerðu þar skoru til að sjá hvað ég stækkaði þangað til þeir komu næst. Skorurnar voru orðnar margar, en þéttar, því illa gekk vöxturinn. Við Siggeir áttum að vera komnir til Reykjavíkur fyrir 1. marz. Því þá áttu skipin að leggja út. Við lögðum af stað 5. febrúar í góðu veðri og fórð; og gengum alveg að heiman; vorum ekkert reiddir, sem þó var siður. Við vorum tvo daga á leiðinni. Þegar suður kom, fórum við strax til skipstjórans. Geiri bankaði; maður kemur fljótt til dyranna. Það var skipstjórinn. Við heilsuðum og ég tók í hendina á honum. Hann lítur á Geira og segir: "Er þetta bróðir þinn, sem þú réðir til mín í vetur?" Geiri játaði því. Þá hallar hann aðeins höfðinu og lítur til mín brosandi og segir: "Já lítill er hann." Skipstjórinn hét Pétur Mikael Sigurðsson, vestfirðingur að ætt, meðal maður á hæð, vel þrekinn og allur sterklegur, svarthærður með lítið yfirskegg; hægur í fasi. Hér leizt vel á hann. Hann var skipstjóralegur. Ég var ánægður með hann. Skipin voru orðin mörg á höfninni og alltaf að koma úr vetrarlegi. Það var austanvindur og þau lágu vel við að sjá þau.
Kútterarnir eru stílhrein og falleg skip séu þau vel hirt. Þau höfðu verið máluð um haustið. Skrokkurinn og klunningin svört með hvítan fleyg og hvítan „svínahrygg". Það er efst að framan og hvít fingónett, það er efst að aftan; hvíta „salningu" og hvíta stangartoppa.

Ég var hrifinn af þessum mörgu og fallegu skipum. En hvar var skipið mitt hún Nýensa? Svo hét það. Ég fékk fljótt að vita það. Hún lá þarna skammt út af Duusbryggjunni. Ég varð fyrir miklum vonbrigðum því að þegar ég leit yfir skipaflotann sá ég strax að hún var ljótasta skipið. Það var sama hvar á hana var litið. Það var allt sem hjálpaðist að að óprýða hana. Hún var ekki svört heldur mórauð. Það var enginn hvítur blettur á henni. Hún var bein á borði, hekkið hátt. Það er skuturinn. Klýfirbóman hallaðist niður, mastrið beint en stöngin hallaðist aftur og var hún laus; allt gamalmálað og sumt ómálað. Mér leizt ekki vel á þetta. Það var ekki gaman að vera á ljótasta skipinu. En "það eru ekki allar ástir í andliti fólgnar." Ég vissi það ekki þá að þetta var áreiðanlega bezta sjóskipið í flotanum, eða með þeim beztu; ekkert betra. Við fórum að vinna við skipið. Allt urðu hásetarnir að gera, flytja um borð salt, kol, vatn og vistir og tómar grútartunnur. Svo var það seglabúnaðurinn, að hann væri traustur, ekki síður en byrðingurinn. Nýja kaðla og ný segl. Þetta var allt geymt í stóru "pakkhúsi". Þarna á loftinu voru seglin sniðin og saumuð, en kaðalrúllur niðri. Þetta var byrgðageymsla skipanna og eigandi að þessu var útgerðarmaðurinn Thorsteinn og átti hann Nýensu. (Í þessu húsi er nú verzlunin "Geysir".) Pétur skipstjóri var að taka út kaðal. Voru það margar rúllur og stórar, því að allt var ónýtt á Nýensu. Við vorum þarna að velta út rúllunum og láta þær á handvagna. Þá kemur til okkar maður. Hann er meira en meðal maður á hæð, holdmikill þó ekki með ýstru, andlitið frítt, hálsinn digur og rauður. Maðurinn var að öllu leiti vel á sig kominn. Hann spyr okkur hvaða skipi sé verið að taka þennan kaðal, við sögðum það vera Nýensu, hann segir: "Þetta er ekki gott. Nýensa er svo ónýt". Ekki heyrði Pétur þetta. Hann var inni í húsinu. Nú sá ég af hverju Nýensu var svo illa haldið við. Það var verið að láta hana ganga sér til húðar eins og gömlu hrossin í fyrri daga. Um þessar mundir voru eigendur þilskipa við Faxaflóa farnir að hugsa um að tryggja skip sín. Eitthvað stóð á Geir gamla. Hann sagðist ekki tryggja skipin nema mennirnir væru tryggðir líka. Því sér væri meira annt um mennina en skipin. Geir bar af öllum þessum útgerðarmönnum umhyggju fyrir sjómönnunum. Við Geiri fórum um borð með dótið okkar, tókum yfir koju fremst bakborðs megin. Þarna skjátlaðist okkur, því ef eitthvað gaf á blotnaði allt í kojunni af dekkleka. Svo merktum við okkur rúm við borðstokkinn. Ég var í aftur-vantinum. Þar var gott að vera. Það var hægt að taka sér gott rúm ef komið var snemma því enginn atlaði að verða á skipinu sem var árið áður. Ég fór nú að skoða skipið. Fljótt sá ég að það var gamalt, illa hirt og af sér gengið. Þetta var enskur trollkútter sterkbyggður, um 90 tonn að stærð einn af fyrstu botnvörpungum Englendinga. Þeir voru vélarlausir en siglt undan sjó og vindi með vörðuna aftan í sér. Þetta líðaði skipin, þó sterkbyggð væru í fyrstu. Í hásetaklefanum var eldavél, öll sprungin og varin saman með vír, engin öskuskúffa var en síldarpanna laus á gólfinu undir öskuna. Þessi eldavél átti eftir að gera okkur stundum illverandi í "lúkarnum" af reyk. Hásetaklefinn var rúmgóður, því skipið var breitt. Enda áttu þarna að vera 20 menn. Einn galli var þarna sem virtist ekki gera mikið til. Ef að dó í eldavélinni varð svo mikil fýla eins og verst úr bæjarfor. Þetta kom til af því að Kjalsogið var stíflað af óhreinindum svo slagvatnið gat ekki runnið að dælunni, ef vélin var vel kynnt bar ekki á þessu. Þarna þurfti að rífa upp þiljur til að hreinsa þetta. Þessi íbúð varð heimili mitt frá fyrsta marz til fimmtánda september. Eitt var það sem enginn virtist taka eftir, eða nokkuð væri athugavert við, það var að öllum skipunum fylgdi bátur. En enginn eða fáir voru svo stórir að þeir bæru allan mannskapinn, ef skipið sökk. Þó væri á sléttum sjó, þá varð eitthvað af mannskapnum að fara niður með því. Samanber Bergþóru slysið. Tilgangur minn með því að lýsa viðhaldinu og vanhirðunni á Nýensu er að sýna hvernig sumir útgerðarmenn voru skeytingarlausir um líðan sjómanna og mátu lítils líf þeirra. Eins og orðin sýna: "Þetta er ekki gott. Því Nýensa er svo ónýt." Þó voru til verri dæmi en þetta.

Nú var búið að seglbúa og allt komið um borð, sem með þurfti; rétta af áttavitann. Aðeins eftir að munstra mannskapinn, svo átti að sigla næsta morgun 2. marz.

Skrásetningin fór fram í skrifstofu útgerðarmannsins í austurenda hússins Vesturgötu 3. Þarna bjó útgerðarmaðurinn Thorsteinsen. Þetta hús er alveg óbreytt frá því sem það var þá. Þarna var [illegible] frá bæjarfógetanum. Allir fengu kunstrabók. Það er Viðskiptabók. Þar var margt tekið fram um skyldur hásetanna. Ráðningar tíminn var frá fyrsta marz til 15 september að báðum dögum meðtöldum. Þarna var borð um þvera stofuna. Þeir sem athöfninni stýrðu voru fyrir innan borðið; við fyrir utan, sjómennirnir. Ég var með nýja kuluahúfu. Hún var fóðruð innan með hvítu loðnu haustkópa skinni. Ég lagði handleggina upp á borðið og var með húfuna í hendinni. Borðið mátti heita mátulegt á hæð fyrir mig þannig. Thorsteinsen var þarna fyrir innan, kemur að borðinu til mín og skoðar húfuna, lítur á mig og segir: "Þér verður jú ekki kalt á höfuðið, gó mín." Hann talaði illa íslenzku og notaði mikið sem endingarorð orðin gó mín. Mér fannst einhver lítilsvirðingar hreimur vera í orðum hans, og færði mig frá borðinu. Pétur skipstjóri var þarna skammt frá. Hann kallar til hans, beinir á mig og segir: "Hvað geturðu gert við þetta, Pétur." Mér mislíkaði þetta.

"Að morgni var rismikill Reykjanes sjór í röstina brunaði gnoð, og haust vindur kaldur af flóanum fló og feykti þar snjóhvíta voð".

Segir nú ekki meira af sambúð okkar Nýensu að sinni. Ég var 10 vetrarvertíðir á skútu. Eitt sumar og fjórir vor. Seinustu vertíðina 1913. 1914 réði ég mig á trollara. Úr því varð ekkert, ég veiktist í vinstra fætinum og lá í Reykjavík megnið af vetrinum. Í þessu átti ég ó ár, stundum illa haldinn. Haustið 1914 keyptum við bræður elzta og minnsta bátinn á Stokkseyri Ingólf. Var ég vélstjóri á honum fjórar vetrarvertíðir. Honum fylgdi gamalt fjögra manna far, sem við létum Guðmund Sigurjónsson frá Gamlahrauni gera upp sem nýjan. Haustið 1918 seldum við Ingólf og áttum litla bátinn, sem við kölluðum "Styrk". Höfðum við róið honum heima tvö fyrirfarandi ár, haust og vor. Veturinn 1919 fór ég ekki að heiman. Réri "Styrk" litla á vertíðinni hafði handfæri og fiskaði mikið. Honum réri ég 8 vetrarvertíðir haust og vor. Nokkrar vertíðir var ég með áttróinn bát. 1937 eignaðist ég þriggja tonna vélbát, sem Guðmundur Sigurjónsson smíðaði fyrir mig. Var ég með honum við smíðina svona eins og handlangari. Honum reri ég alltaf eftir það. Styrkur var farinn að feyskjast. Upphaflega var hann smíðaður 1903. Alltaf mátti heita að væri nægur fiskur þegar gaf á sjó, fram að 1952. Þá fór að draga úr þessum sterku austan göngum, sem komu oft tvisvar og stundum þrisvar á vertíð. Af gaf í þær mátti fiska mikið á stuttum tíma. Vertíðina 1958 voru sæmilegar gæftir, en fiskur mjög tregur. Við fengum aldrei hroða. Ég var orðinn 70 ára vel frískur að öðru leiti en því að ég var ákaflega fótkaldur. Leið illa þegar kalt var og ekki hitaði þorskurinn. Ég hætti að róa. Siggeir minn var með bátinn. Alltaf var sama tregðan 5-8 í hlut þegar gaf. Það var komið fram í apríl. Þá kom góður gæfta kafli en sama fisktregðan; ekki fisklaust en alltaf gysinn slæðingur. Ég hafði ekki farið með þeim nokkra daga. Svo varð það einn morgun að það er bezta veður, ekki kalt aðeins norðan kul. Þá dettur mér í hug að fara með þeim. Ekki af því að það mundi skipta neinu með fiskiríið. Ég átti nokkrar góðar seilaólar nýlar í poka niður í kjallara. Þegar ég kem fram í dyrnar, dettur mér í hug að taka seilarnar pokann með. Þegar ég kem út á hlaðið er Geiri það og spyr mig hvað ég ætli að gera við þennan poka. Ég sagði að það væri í honum seilarnar. "Seilarnar" át hann eftir mér. "Hvað á að gera við þær; ég held að það sé nóg dót í bátnum, þó ekki sé bætt við það." "Þær hafa oft orðið mér að góðu og ekkert munar um að hafa þær með," sagði ég. Við rérum í venjuleg mið. Það er sama sagan. Það rekst í einn og einn fisk. Þeir vildu vera að kippa. Það þýddi ekkert.

Ég sagði þeim að hætta því. Það gerði ekki annað en tefja; við skyldum bara láta reka. Bátinn rak suðaustur. Við vorum komnir djúpt undan Loftsstöðum og vitinn kominn hálfur í sjó. Heldur hafði hert kalann. Alltaf var sama fiskiríið, einn og einn. Það voru komnir milli 50-60 fiskar í bátinn. Þá er það allt í einu að þorskurinn veður allt í kringum bátinn eins og síld, að bakugginn stendur upp úr.

Það fór að verða fjör um borð í bátnum. Það voru átta undir færum allir með nælonfæri og með þrjá og fjóra öngla hver. Ég hætti að renna og fór að blóðga og hafði ekkert við. Það tók stuttan tíma að fylla bátinn, því fiskurinn var mjög vænn. Það þarf töluverða röggsemi og hörku til að fá menn til að hætta snögglega þegar þeir eru komnir í svona ham, en meira mátti ekki láta á bátinn; líka komin dálítil bára þarna, svo djúpt sem við vorum komnir. Ekki sá ég það ráð að nota seilarólarnar. Þær mundu draga bátinn niður og hann lyfta sér ver í báruna. Geiri setti vélina í gang, en heldur var ferðin mikil, því hann saup töluvert á hjá honum. Ég tók við stjórninni fór hægt, svo ekkert gaf á. Þeir fóru að blóðga. Eftir því sem við færðumst nær landinu minnkaði báran og herti á gangi bátsins. Þegar við vorum komnir austur á móts við ós lygndi og sjórinn sléttist. Nú sagði ég þeim að við yrðum að bíða í 1-2 tíma til að hafa nóg flot inn. Þeir fara að renna. Þarna er þá nógur fiskur. Þeir fóru að draga einsog báturinn væri tómur, þó ekki væri nema tæpt borð fyrir honum. Sumum þótti nóg um, sögðu hvort við ætluðum að sökkva bátnum. Ég sagði þeim að draga eins og þeir gætu. Það væri ekki víst hvað lengi þetta stæði. Þá þótti sumum nóg um. Þeir vissu ekki af seilarólunum í pokanum. Ég bað þá að ná í poka sem væri framm í. Það fór heldur að hvirfla yfir þeim þegar ólarnar komu. Það voru kátir menn og skemmtilega handtaka góðir, sem þarna unnu. Ég hafði seilarólarnar alltaf lan ar. Þá var betra að njóta sín við að draga þær upp. Þessar tóku upp undir 30 fiska hver. Þeir fylltu 4 ólar. Við höfðum tvær á hvort borð og á bátnum eins og hann gat borið. Og nú var orðið nógu djúpt. Svona mikinn afla hafði ég aldrei fengið í einum róðri. Það voru 45 fiskar í hlut í ellefu staði, 495 fiskar. Þeir reru næstu daga en alltaf var sama óveru fiskiríið. Það kólnaði í veðri og ég fór ekki með þeim. Þetta varð seinasti róðurinn minn; hef ekki komið á sjó síðan. Geiri var með bátinn næstu tvær vertíðirnar 1959-60 og fiskaði lítið einkum seinni vertíðina. Ég var alltaf með skötulóð á vorin og aflaði oft vel. Þeir voru með skötulóð þessi vor. Fyrra vorið fengu þeir eina skötu en enga seinna vorið. Svona var illa búið að fara með miðin. Nú var allri útgerð hætt og síðan hefur enginn bátur farið á sjó frá Loftsstaða sandi. Hugboð Sigríðar Arnbjörnsdóttur rættist um það að ég mundi verða sjómaður. Ég var 54 vetrarvertíðir á sjó. Þar af 39 með bát heiman frá Baugsstöðum, og notaði oftast Tunguós. Þegar ég nú á gamalsaldri lít í huganum yfir þessar sjóferðir mínar, undrast ég hvað vel mér gekk. Að ég skyldi aldrei fá slettu á bátinn, og aldrei skeikað að velja rétta lagið; sérstaklega þegar ég var með litla bátinn. Þá var stundum sótt djarft eftir stærð skipsins. Ég fann aldrei til þess að við værum á svona litlu skipi og svo held ég að hafi verið um þá sem með mér voru.

Það var hulinn verndarkraftur sem alla tíð fylgdi mér. Var það bænin hennar Sigríðar Arnbjörnsdóttur sem réði til mín þessa fylgd? Að svo hafi verið, trúi ég.

Skrifað í janúar 1970 Páll Guðmundsson
Baugstöðum.